Vesturíslenska:
Hvað vitum við um hana?

Höskuldur Þráinsson

September 2023

Yfirlit

1. Stutt upprifjun: Hvaðan fluttist fólkið helst?
2. Nokkrar heimildir um Vestur-Íslendinga og vesturíslensku
3. Málvandinn þegar komið var vestur og ólíkar stefnur
4. Umkvörtunarefni vestra og fyrstu breytingar á málinu
5. Síðari breytingar og samantekt

Hvaðan fluttist fólkið helst?

Meginheimild: *Vesturfaraskrá* Júníusar Kristinssonar (1983). Yfirlit t.d. í *Íslenskum söguatlas,* 2. bindi (1992; sjá líka Katrínu Maríu Víðisdóttur 2016 o.fl).

Algeng viðmiðun um fjölda: Um 15.000+ á árunum 1870–1914 (Brasilíufarar og Utah-farar fyrr).



Söguatlas, bls. 125



Katrín María 2016: 4

Heimildir um Vestur-Íslendinga og vesturíslensku

Um vesturferðirnar og lífið vestra

- BÆKUR: *Vesturfaraskrá 1870-1914* (Júníus H. Kristinsson 1983); *Framtíð handan hafs* (Helgi Skúli Kjartansson og Steinþór Heiðarsson 2003); *Nýja Ísland* og *Annað Ísland* (Guðjón Arngrímsson 1997 og 1998

- ÚTGEFIN BRÉFASÖFN OG DAGBÓKAREFNI: *Bréf Vestur-Íslendinga 1–3* (Böðvar Guðmundsson 2001–2021); *Jón Halldórsson. Atriði ævi minnar* (Úlfar Bragason ritstýrði); Jón Jónsson: *Leitin að landinu góða* (Heimir Pálsson o.fl. ritstýrðu) ... [auk þess óútgefin bréfasöfn]

- ÝMSAR GREINAR Í BÓKUNUM *SIGURTUNGU* (2018) OG *ICELANDIC HERITAGE* ... (2023), t.d. eftir Úlfar Bragason, Helga Skúla Kjartansson, Öldu Möller, Ólaf Arnar Sveinsson og Vilhelm Vilhelmsson

- GREINAR Í VESTURÍSLENSKUM BLÖÐUM, s.s. *Leifi (1883–1886), Heimskringlu* 1886–1959, *Lögbergi* 1888–1959, og *Lögbergi-Heimskringlu* 1959– ... Flest aðgengilegt á *tímarit.is*

Heimildir um Vestur-Íslendinga og vesturíslensku

Viðtöl og upptökur, einkum þessar

- *Sögur úr Vesturheimi ... 2012*. Viðtöl sem Hallfreður Örn Eiríksson og Olga Franzdóttir tóku 1972–1973. (Gísli Sigurðsson sá um útgáfuna. Það er hægt að hlusta á valdar sögur í gegnum ÍsMús.)

- *Vesturfarar* ... 10 sjónvarpsþættir sem Egill Helgason, Ragnheiður Thorsteinsson og Jón Víðir Hauksson gerðu fyrir RÚV (efninu safnað 2014).

Málvandinn – og ólíkar stefnur

Meginvandinn:

- Vestur-Íslendingarnir voru sestir að í nýju samfélagi með nýjum atvinnuháttum, tækjum, búnaði, vörutegundum, skepnum, húsakosti, stofnunum o.s.frv. og þeir **höfðu ekki íslensk orð** yfir þetta.
- Vestur-Íslendingarnir þurftu að „koma sér áfram“ í þessu nýja samfélagi í samskiptum við **enskumælandi fólk**.

Málvandinn ...

Málpólitík – tveir kostir uppi:

- **Afnámsstefnan:** Að leggja allt kapp á að ná tökum á ensku, draga úr notkun íslensku í heimahúsum, leggja hana loks alveg niður og sameinast sem best hinu enskumælandi samfélagi.

- **Viðhaldsstefnan:** Að viðhalda íslenskunni sem best og halda þannig tengslum við íslenskar rætur, menningu, bókmenntir og ættingja og vini í gamla landinu þótt um leið sé lögð áhersla á að ná góðu valdi á ensku.

Málvandinn ...

Stefnurnar tvær – dæmi um kappræður á fundi:

- [**Sækjendur**] héldu fram að íslenzkan mundi fyr eða síðar líða hér undir lok, og það stæði oss aðeins fyrir þrifum að reyna að halda henni við [...] En fremur héldu þeir fram, að íslenzkan væri orðin svo afskræmd og orðskrípin svo mörg hjá oss, að landar vorir væru í stórvandræðum með að skilja oss fyrst þegar þeir kæmu að heiman [...]

- **Verjendur** aftur á móti héldu því fram, að þó það ef til vill lægi íslenzkunni að líða einhvern tíma undir lok, þá væri það háleit skylda vor allra að leggja rækt við móðurmál vort og varðveita tungu vora og þjóðerni svo lengi, sem oss væri unt [...] Þeir sýndu fram á, að ef vér fleygðum frá oss íslenzkunni, þá væri bræðra sambandið milli Austur- og Vestur-íslendinga slitið [...] (*Lögberg* 22.11. **1906**, bls. 5).

- Samkvæmt úrskurði dómenda báru sækjendur sigur úr býtum.

Umkvörtunarefni og fyrstu breytingar

Tökuorð

Ummæli í vesturíslenskri blaðagrein nálægt aldamótunum 1900:

- Eins og áður hefir verið drepið á hafa málfræðingar og rithöfundar bent á tvær aðferðir til að auðga málið. Önnur er sú, að búa til ný orð bygð á íslenzkum uppruna. Hin sú að taka útlend orð inn í málið [...] Auðvitað ætti að nota báðar þessar aðferðir [...] Að það sé goðgá og endemis spilling á málinu, að taka erlend orð inn í það, nær engri átt [...]

Umkvörtunarefni og fyrstu breytingar

Tökuorðagrein eftir Vilhjálm Stefánsson 1903:

- Hann skrifar öll tökuorðin með enskri stafsetningu en segir til um kynið (segir að öll orðin verði að fá kyn og það sjáist á greininum):
- Alls 467 nafnorð:
  - hk: 176
  - kk: 137
  - kvk: 44
  - hk/kvk: 56 (*banjo*)
  - hk/kk: 30 (*bicycle*)
  - kvk/kk: 4 (*tomato*, *feed* 'fóður', *furrow* 'skurður', *scarlet-fever)*
  - hk/kvk/kk: 20 (*caucus, crackers*, *automobile*)

Sum þessara tökuorða munu hafa fengið fastara kyn síðar.

Umkvörtunarefni og fyrstu breytingar

Tökuorð

- Flestir munu fara í og úr „kótinu“ sínu, borða sinn *breakfast*, sinn *dinner* og sinn *supper*. Flestir þurfa að fá „stampa“ á bréfin, sem þeir þurfa að „pósta“. Þeir kaupa flestir *flour* og „korðvið“, hafa *fence* fyrir framan húsið sitt og kringum „lotin“ sín. Bændur [...] láta *harness* á hestana, slá heyið með *mower*, „rípa kroppið“, draga út „logga“ og geyma kornið sitt í „greiniríinu“ og þeir [...] lesa „pappírinn“ eftir te. Konurnar þurfa [...] *Wash-stand* í horninu og *Carpet* í „parlorinn“ og þær „skrobba“ gólfið og þær „fixa“ til í húsinu. Unga fólkið fer „út fyrir *drive*“ og fer á „treininu“ til næstu staða. Stúlkurnar [...] bera á sig *scent* og láta *dressmaker* búa til kjólana sína; þær sækja um að verða *diningroom*-stúlkur, eða komast í „kitsjenið“ og „londríið“; þær verða að baka *pie* „píla“ kartöflur, „rósta“ kjöt og „klína upp“ húsið. Piltarnir „taka þær út fyrir *walk*“eftir „sædvokunum“ og heyra „bandið spila“ í „parkinu“ ... (Bessa-bréf IV [höf. Jóhann Magnús Bjarnason], *Heimskringla* 23.6. 1894, bls. 2–3).

Spurning: Af hverju er sum dæmin skáletruð hjá JMB en önnur nnan gæsalappa?

Síðari breytingar og samantekt

Afstaðan til viðhalds íslenskunnar var mismunandi í upphafi. „Rannsókn“ Vestur-Íslendings í Alberta með viðtölum (*Heimskringla* 28.10.1909, bls. 4) :

	viðhalda ísl.	viðhalda **ekki** ísl.
1. Giftir karlmenn	**61 [95%]**	3 [5%]
2. Ógiftir karlmenn yfir 15 ára	11 [19%]	**48 [81%]**
3. Drengir, 5 til 15 ára	86 [73%]	31 [27%]
4. Giftar konur	10 [15%]	**58 [85%]**
5. Ógiftar konur yfir 15 ára	**64 [82%]**	14 [18%]
6. Stúlkur, 5 til 15 ára	42 [31%]	95 [69%]
Alls:	***274 [≈52%]***	***249 [≈ 48%]***

Bendir til óstöðugleika vesturíslenskunnar í upphafi 20. aldar

En dó hún þá út fljótlega eftir þetta?

Síðari breytingar og samantekt

Nei, hún er kannski með lífseigustu „erfðarmálum“ (Haraldur Bessason 1984a). En hefur ekki eitthvað fleira en orðaforðinn breyst?

Í rannsóknaverkefninu „Mál, málbreytingar og menningarleg sjálfsmynd“ (2013–2014) var rætt við 126 Vestur-Íslendinga í Kanada og Bandaríkjunum sem töluðu einhverja íslensku (meðalaldur 77 ár). Ýmislegt hafði breyst:

framburður - dæmi: *sent*, *hempa*, *mjólk*, *stelpa* ... (Katrín María 2016)

beygingar – dæmi (Höskuldur o.fl. 2021):



Síðari breytingar og samantekt

setningagerð – dæmi:

Daisy stundum talar íslensku

Daisy talar stundum íslensku

(Elma 2013, Birna o.fl. 2018)

Hún er svo montin af að vera íslenskt

(Sigríður Mjöll 2018)

skilningur flókinna setningargerða:



Strákurinn lemur stelpuna

Strákurinn er laminn

(Sigríður M. o.fl. 2018, 2023)

Síðari breytingar og samantekt

merking orða – litaheiti:



Hvað myndirðu kalla litina í reitum A 19–20?
Hvað myndirðu kalla litina í reitum B2–3?
Hvað myndirðu kalla litina í reitum B17–18, C 17–18?

Hér var munur á svörum Vestur-Íslendinga og „Heima-Íslendinga“
(Þórhalla og Matthew 2018)

Niðurstaða:

- Margt hefur breyst, vesturíslenskan er á miklu undanhaldi, en en samt töldu viðmælendur yfirleitt að það væri **miklvægur þáttur í sjálfsmyndinni að kunna eitthvað í íslensku**, jafnvel bara einstök orð (Daisy 2018).

Ritaskrá

Ítarlegar ritaskrár eru í bókunum *Sigurtunga* og *Icelandic Heritage in North America*, bæði í yfirlitsgreinum (Birna og Höskuldur 2018, bls. 251–255; Birna, Höskuldur og Úlfar 2023, bls. 25–31; Úlfar 2018a) og í greinum um einstök efni. Hér eru bara taldar þær greinar sem vísað er til í fyrirlestrinum.

Alda B. Möller. 2018. Með búmannsaugum landnemans. Vesturför Torfa Bjarnasonar 1873 og bréf bræðra hans frá Nebraska. *Sigurtunga*, bls. 67–86.

Alda B. Möller. 2023. The Barnason brothers in Nebraska. Two pioneer farmers. *Icelandic Heritage* , bls. 90–107.

Ásta Svavarsdóttir. 2018. Að flytja mál milli landa. Breytilegar málaðstæður heima og heiman. *Sigurtunga*, bls. 257–277.

Ásta Svavarsdóttir. 2023. Moving a language between continents: Icelandic language communities 1870–1914.

Birna Arnbjörnsdóttir. 1989. Flámæli í vesturíslensku. *Íslenskt mál* 9:23–40.

Birna Arnbjörnsdóttir. 2006. *North American Icelandic. The Life of a Language*. University of Manitoba Press, Winnipeg.

Birna Arnbjörnsdóttir, Höskuldur Þráinsson og Iris Edda Nowenstein. 2018. V2 and V3 Orders in North-American Icelandic. *Journal of Language Contact* 11(3): 379–412.

Ritaskrá

Birna Arnbjörnsdóttir, Höskuldur Þráinsson og Úlfar Bragason (ritstj.). 2018. *Sigurtunga. Vesturíslenskt mál og menning*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Birna Arnbjörnsdóttir, Höskuldur Þráinsson og Úlfar Bragason (ritstj.). 2023. *Icelandic Heritage in North America*. University of Manitoba Press, Winnipeg.

Böðvar Guðmundsson. 2001–2021. *Bréf Vestur-Íslendinga* 1–3. Mál og menning, Reykjavík.

Dagný Kristjánsdóttir. 2014. „Við hérna í vestrinu“. Um bernsku og barnaefni í íslenskum barnablöðum í Vesturheimi. *Ritið* 1/2014:103–119.

Daisy Neijmann. 2018. Mál til samskipta eða tengsla. Gildi íslenskunnar í Vesturheimi. *Sigurtunga*, bls. 279–302.

Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon (ritstj.). 2001. *Burt — og meir en bæjarleið*. Dagbækur og persónuleg skrif Vesturheimsfara á síðari hluta 19. aldar. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Elma Óladóttir. 2013. *Daisy stundum talar íslensku. Sagnfærsla í vesturíslensku*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.

Foreldrar mínir. Endurminningar nokkurra Íslendinga vestan hafs. 1956. Ritstj. Finnbogi Guðmundsson. Minning, Reykjavík.

Ritaskrá

Gísli Sigurðsson. 2001. Um vesturíslensku. *Alfræði íslenskrar tungu*. Íslenskt margmiðlunarefni fyrir heimili og skóla. Námsgagnastofnun, Reykjavík. (Greinin er núna aðgengileg á slóðinni http://ait.arnastofnun.is/grein.php?id=705)

Guðjón Arngrímsson. 1997. *Nýja Ísland. Örlagasaga vesturfaranna í máli og myndum*. Mál og menning, Reykjavík.

Guðjón Arngrímsson. 1998. *Annað Ísland. Gullöld Vestur-Íslendinga í máli og myndum*. Mál og menning, Reykjavík.

Haraldur Bessason. 1957. Um íslenzk mannanöfn í Vesturheimi. *Tímarit Þjóðræknisfélags Íslendinga* 39:57–65

Haraldur Bessason. 1980. Um íslenska tungu í Vesturheimi. *Lögberg-Heimskringla* 21. mars, bls. 7.

Haraldur Bessason. 1984a. „Íslenskan er lífseigari en nokkurt annað þjóðarbrotsmál í Kanada". *Morgunblaðið* 12. febrúar, bls. 64–65.

Haraldur Bessason. 1984b, c. Að rósta kjötið og klína upp húsið. *Lesbók Morgunblaðsins* 16. júní bls. 4–5 og 23. júní bls. 11–12.

Heimir Pálsson, Jón Aðalsteinn Hermannsson, Jón Erlendsson og Svanhildur Hermannsdóttir (ritstj.). 2006. *Leitin að landinu góða. Bréf Ameríkufarans frá Mýri, Jóns Jónssonar í Kanada, heim til ættmenna og vina 1903–1934. Úrval.* Hólar, Reykjavík.

Ritaskrá

Helgi Skúli Kjartansson. 2018. Var okkar fólk eitthvað spes? Nokkur sérkenni Íslendinga sem vesturfara og Vesturheimsbúa. *Sigurtunga*, bls. 53–65.

Helgi Skúli Kjartansson og Steinþór Heiðarsson. 2003. *Framtíð handan hafs. Vesturfarir frá Íslandi 1870–1914.* Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Höskuldur Þráinsson, Iris Edda Nowenstein og Sigríður Magnúsdóttir. 2021. Hvað gerist þegar ein *darga* fjölgar sér í Vesturheimi? Árni Kristjánsson, Heiða María Sigurðardóttir og Kristján Árnason (ritstj.): *Sálubót. Afmælisrit til heiðurs Jörgen L. Pind*, bls. 123 – 150. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Icelandic Heritage , sjá Birna Arnbjörnsdóttir o.fl. (ritstj.) 2023.

Íslenskur söguatlas, 2. bindi. 1992. Frá 18. öld til fullveldis. Ritstj. Árni Daníel Júlíusson, Jón Ólafur Ísberg og Helgi Skúli Kjartansson. Iðunn, Reykjavík.

Jóhann Magnús Bjarnason. 1894. Bessa-bréf IV. *Heimskringla* 23. júní, bls. 2–3.

Júníus H. Kristinsson. 1983. *Vesturfaraskrá 1870–1914.* Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Katrín María Víðisdóttir. 2016. *Hér og þar. Afdrif norðlenskra framburðar-einkenna heima fyrir og vestanhafs*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.

Ritaskrá

Kristín M. Jóhannsdóttir. 2018. „Og hundurinn er að sofa líka‟. Um notkun framvinduhorfs í vesturíslensku. *Sigurtunga*, bls. 323–339.

Kristín M. Jóhannsdóttir. 2023. „And the dog is sleeping too‟. The use of the progressive in North American Icelandic. *Icelandic Heritage,* bls. 252–270.

Matthew Whelpton. 2023. Word meanings in North American Icelandic: More North American or more Icelandic? *Icelandic Heritage ,* bls. 212–231.

Moquin, Laura, og Kirsten Wolf. 2023. Language and identity. The case of North American Icelandic. *Icelandic Heritage*, bls. 271–291.

Ólafur Arnar Sveinsson. 2018. Íslendingar og Ameríka. Hvað er að vera Vestur-Íslendingur? *Sigurtunga*, bls. 35–51.

Ólafur Arnar Sveinsson. 2023. Icelanders and America: What is it to be *Vestur-Íslendingur*? *Icelandic Heritage*, bls. 50–69.

Ritið 1/2014: Þema: „Vesturheimsferðir í nýju ljósi.“ Gestaritstjórar Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, Úlfar Bragason og Björn Þorsteinsson.

Salbjörg Óskarsdóttir og Höskuldur Þráinsson. 2017. Hann þótti gott í staupinu. Um breytingar á aukafallsfrumlögum í vesturíslensku. Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.): *Tilbrigði í íslenskri setningagerð III. Sérathuganir,* bls. 101 – 124. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Ritaskrá

Sigríður Mjöll Björnsdóttir. 2018. *“Hún er svo montin af að vera íslenskt.”* Málbreytingar í sendibréfum Vestur-Íslendings. *Sigurtunga,* bls. 341–359.

Sigríður Magnúsdóttir, Iris Edda Nowenstein og Höskuldur Þráinsson. 2018. Að skilja skrýtnar setningar. *Sigurtunga*, bls. 303–322.

Sigríður Magnúsdóttir, Iris Edda Nowenstein og Höskuldur Þráinsson. 2023. Understanding complex sentences in a heritage language. *Icelandic Heritage*, bls. 232–251.

Sigurtunga, sjá Birna Arnbjörnsdóttir o.fl. (ritstj.) 2018.

Sögur úr Vesturheimi. 2012. Úr söfninarleiðangri Hallfreðar Arnar Eiríkssonar og Olgu Maríu Franzdóttur um Kanada og Bandaríkin veturinn 1972–1973. Gísli Sigurðsson sá um útgáfuna. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

Úlfar Bragason. 2017. *Frelsi, menning, framför.* Um bréf og greinar Jóns Halldórssonar. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Úlfar Bragason. 2018a. Menning og saga. Yfirlit um fyrri rit og rannsóknir. *Sigurtunga*, bls. 21–34.

Úlfar Bragason. 2018b. Hrólfur. *Sigurtunga*, bls. 105–123.

Úlfar Bragason. 2023. Ralph E. Halldorson and the Great War. *Icelandic Heritage*, bls. 108–125.

Ritaskrá

Úlfar Bragason (ritstj.). 2005. *Jón Halldórsson. Atriði ævi minnar.* Bréf og greinar. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Vesturfarar. 10 sjónvarpsþættir sem Egill Helgason, Ragnheiður Thorsteinsson og Jón Víðir Hauksson gerðu fyrir RÚV. Þættirnir voru teknir upp árið 2014 og eru aðgengilegir á slóðinni *https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/vesturfarar/16345*

Vilhelm Vilhelmsson. 2018. Þjóðerni, hagsmunir og hugsjónir í verkalýðshreyfingu Íslendinga í Winnipeg 1890–1900. *Sigurtunga*, bls. 87–103.

Vilhelm Vilhelmsson. 2023. Acculturation on their own terms: The social networks of political radicals among Icelandic immigrants in Canada in the early twentieth century. *Icelandic Heritage*, bls. 70–89.

Vilhjálmur Stefánsson. 1903. English Loan-Nouns Used in the Icelandic Colony of North Dakota. *Dialect Notes* 2:354–362.

Þórhalla Guðmundsdóttir Beck og Matthew Whelpton. 2018. Það besta úr báðum heimum. Um litaheiti í vesturíslensku. *Sigurtunga*, bls. 375–400.

Efnissöfnun fyrir verkefnið

„Mál, málbreytingar og menningarleg sjálfsmynd“

Staðir sem farið var til í þrem ferðum 2013 og 2014:



Katrín María 2016: 17

Þeir sem einkum hafa unnið við rannsóknarverkefnið „Mál, málbreytingar og menningarleg sjálfsmynd“

Verkefnisstjórar: Höskuldur Þráinsson og Birna Arnbjörnsdóttir

Helstu samstarfsmenn: Ásta Svavarsdóttir, Daisy Neijmann, Kristján Árnason, Matthew Whelpton, Úlfar Bragason; Gísli Sigurðsson, Kristín M. Jóhannsdóttir, Sigríður Magnúsdóttir, Iris Edda Nowenstein, Sigríður Mjöll Björnsdóttir, Elma Óladóttir, Gísli Valgeirsson, Kristján Friðbjörn Sigurðsson, Katrín María Víðisdóttir, Margrét Lára Höskuldsdóttir, Melanie Adams, Sigrún Gunnarsdóttir, Tinna Frímann Jökulsdóttir, Valdís Valgeirsdóttir, Þórhalla G. Beck, Birna Bjarnadóttir ...

... og svo allir þeir frábæru Vestur-Íslendingar og aðrir sem greiddu götu okkar vestra og ræddu við okkur.

Stytta nærri Wynyard, Sask.